

Ed.

238. Frumvarp til laga

[117. mál]

um breyting á lögum nr. 50 29. marz 1961, um bryta og matreiðslumenn á far-
skipum og fiskiskipum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað orðsins „matreiðslumaður“ í upphafi 2. mgr. 2. gr. laganna komi:
matsveinn.

Í stað orðsins „aðstoðarmatreiðslumaður“ í b-lið 2. mgr. 2. gr. komi: aðstoðar-
matsveinn.

Í stað orðsins „matreiðslumaður“ í c-lið 2. gr. komi: matsveinn.

2. gr.

5. gr. lagann orðist þannig:

Ákvæði laga þessara ná ekki til þeirra, sem við gildistöku laganna starfa sem
matreiðslumenn, matsveinar eða brytar á fiski-, flutninga- eða farpegaskipum,
né þeirra, sem hafa haft það starf fyrir gildistöku eitt ár eða lengur á skipum yfir
50 rúmlestir. Til þessara starfa þurfa þeir að hafa krafizt viðurkenningar ráðu-
neytisins innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt eftir tilmælum skólanefndar Matsveina- og veitingaþjóna-
skólans í bréfi, dags. 20. f. m. Enn fremur hefur iðnaðarmálaráðuneytið í bréfi
til nefndarinnar, dags. 7. þ. m., mælt eindregið með frumvarpinu.

Nefndarmenn áskilja sér óbundnar hendur um afstöðu til frumvarpsins og
hugsanlegra breytingartillagna við það.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Um 1. gr.

Í framkvæmd hinna eldri laga hefur orðið matreiðslumaður í 2. gr. laganna
valdið nokkrum ruglingi, þannig að rétt þykir að nefna menn þá, sem hér um
ræðir, matsveina.

Um 2. gr.

Sanngjarnt má telja að miða við 50 rúmlesta skip varðandi réttindi þau, sem
5. gr. laganna miðast nú við, en ekki við 100 rúmlestir, eins og þessi grein hefur
verið túlkuð. Þá þykir og rétt að veita 5 ára frest frá gildistöku þessara laga um
réttindi þau, sem hún veitir.